



## Frá skrifstofu

Sveitarstjórn minnir foreldra á að frístundastyrkur barna vegna 2016 rennur út 31. desember.

---

## Jólapóstur jólasveinanna

**Hó! hó! hó!**

Jólasveinarnir munu fara um sveitina og safna jólakortum fyrir þá sem vilja senda innan sveitar **þriðjudaginn 20. desember kl. 18.00.**

Sendingarkostnaður fyrir kortið eru **100 kr.**

Greyin eru víst að safna sér fyrir ferð á heilsuhæli á suðurpólnum enda afskaplega erfitt að búa með Grylu og Leppalúða!

Þeir sem ekki verða heima á þriðjudag geta haft samband við umboðsmann jólasveina en það er hún Sigrún Alda sími: 868-8805.

---

## Kirkjan

Sunnudagur 18. desember

Jólasunnudagaskóli í Svalbarðskirkju kl. 11.00.

Aðfangadagur 24. desember

Aftansöngur í Svalbarðskirkju kl. 16.00.

---

## Næstu rusladagar

22. desember - Endurvinnsla

29. desember - Almennt sörp

# Jólin í Álfaborg/Valsárskóla

Undanfarna daga hefur verið unnið að ýmsum jólatengdum verkefnum í skólanum.

Á föstudaginn (16. des.) er jólaball bæði í grunnskólanum og leikskólanum. Jólaballið í leikskólanum byrjar klukkan 15:00 en foreldrum er boðið í kaffi klukkan 14:30 í leikskólann og geta átt rólega stund með barninu sínu áður en ballið hefst.

Í grunnskólanum mæta nemendur á venjulegum tíma föstudaginn 16. desember, skreyta stofurnar sínar og undirbúa litlu jólin sem haldin eru um kvöldið. Skólabíllinn keyrir nemendum utan þéttbýlis heim klukkan 12:00 þennan dag.

Nemendur grunnskólans mæta aftur í skólann klukkan 17:00 til að halda litlu jólin hátíðleg. Skólabíllinn sækir nemendur samkvæmt tímatöflu og verður í Vaðlabyggðinni klukkan 16:30. Litlu jólunum lýkur klukkan 20:00 og þá keyrir skólabíllinn nemendur í skólaakstri heim.

Leikskólinn er opinn alla virka daga í kringum hátíðirnar en grunnskólinn hefst aftur 3. janúar samkvæmt stundatöflu.

Við óskum öllum Ströndungum gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs með þökk fyrir árið sem nú er að líða. Sjáumst glöð á nýja árinu.

Bestu jólakveðjur

Starfsfólk Álfaborgar/Valsárskóla

grunnskóladeildar, leikskóladeildar og tónlistardeildar.

## Jólatónleikar í tónlistardeild

Jólatónleikar tónlistardeildarinnar verða haldnir fimmtudaginn 15. desember kl. 18:00 í Salnum í Valsárskóla. Flutt verða jólalög í einleik og samspili og svo syngjum við saman nokkur jólalög í lok tónleikanna.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

## **Innritun í tónlistardeild**

Innritun nýnema fyrir vorönn 2016 stendur yfir á heimasíðu skólans undir takkanum Foreldrar/Umsóknir. Fyrsti kennsludagur vorannar 2017 er þriðjudagurinn 3. janúar.

Með góðum kveðjum úr Tónlistarskólanum

### **Laust starf - Starfsmaður í félagsstarf unglinga**

Óskað er eftir starfsmanni í félagsstarf unglinga í Valsárskóla. Um er að ræða 30% starf seinni part miðvikudags og fram á kvöld í hverri viku og samráð við nemendarád þess á milli.

Starfsmaðurinn má ekki vera yngri en 20 ára, áreiðanlegur, samviskusamur og úrræðagóður. Starfsmaðurinn þarf einnig að geta þolað kjaftæði, hafa hómor og geta skilið krakka. Mikilvægt er að hann geti stjórnað nemendum á jafningjagrundvelli.

### **Laust starf - Starfsmaður í ræstingar**

Óskað er eftir starfsmanni í 30% starf við í ræstingar í Álfaborg.

Starfsmaðurinn má ekki vera yngri en 18 ára, áreiðanlegur og samviskusamur.

Upplýsingar um bæði störfin gefur Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla í síma 8595005 eða á netfangið [inga.sigrun@svallbardsstrond.is](mailto:inga.sigrun@svallbardsstrond.is)

---

## Morgunstundir í Safnaðarstofunni

Síðasta morgunstund fyrir jól er 13. desember. Byrjum aftur 17. janúar 2017. Göngutúr kl. 10:15 frá Safnaðarstofunni ca. 30 mínútur síðan spjall og kaffisopi.

Allir velkomnir

---

## Flöskusöfnun

Kæru ströndungar.

Helgina 7.-8. janúar fer 8.-10. bekkur í Valsárskóla um sveit og þorp að safna flöskum. Tilvalið að losa sig við flöskurnar eftir jólin og styrkja um leið ferðasjóð krakkanna.

---

## Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr og 24 rúllur kosta 3.500 kr. Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

---

